

Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið

Maintx Express er nýtt app fyrir notkun á vettvangi

Appið er ný og öflug viðbót við Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið. Lausnin er afar einföld í notkun og auðveldar viðhaldsfólki að afkasta meira, hvar sem er og hvenær sem er. Lausnin hentar fyrir allar gerðir snjallsíma og spjaldtölvur (Android/iOS).


Allar verkbeiðnir alltaf aðgengilegar í appinu!

- Maintx Express appið kemur í veg fyrir að eytt sé tíma í að leita að verkbeiðnum, þar sem viðhaldsstarfsfólk hefur alltaf aðgang að sínum verkbeiðnum í appinu. Þá geta bæði starfsmenn viðhaldsdeildar, sem og aðrir starfsmenn, sent beint í Maintx aðalakerfið úr appinu bilanatilkygningar eða ábendingar (ósamþykkt viðhaldsbeiðni).
- Maintx Express appið gerir viðhaldsfólki kleift að halda utan um allar vinnustundir sem notaðar er í verk með tímateljara eða með því að skrá þær handvirkt. Áreiðanleg gögn um verkin, sem sótt eru beint í síma viðhaldsstarfsmanna hjálpa stjórnendum að útbúa raunsæjar áætlanir fyrir fyrirbyggjandi verk.
- Maintx Express appið lágmarkar truflanir á starfi viðhaldsfólks og auðveldar þeim að koma meira í verk með athugasemdum og uppfærslum á stöðu verkbeiðna.

Tilkynna bilun (ósamþykkt viðhaldsbeiðni)


Maintx Express appið veitir þér möguleika á að veita starfsmönnum heimild til að senda tilkynningu um bilun með texta, skjölum, myndum og myndböndum beint í Maintx aðalakerfið. Í Maintx Express getur starfsmaður séð eignaflokka (deildir) og eignir í þeim, sem hann hefur aðgang að.

1.



1. Öll tæki sem þú hefur aðgang að birtast í símanum
2. Þú velur bilaða tækið af listanum

2.



1. Þú handskráir lýsingu eða velur af fyrirfram gerðum lista
2. Þú sendir með myndir, vídeó og skjöl ef þess þarf
3. Beiðnin fer sjálfkrafa í aðalakerfið til úrvinnslu


Loka verki

Í Maintx Express getur þú skoðað þau verk sem úthlutað er á þig sem og önnur verk. Þú getur lokað verki og sett inn lýsingu, notuð aðföng og vinnustundir, ljósmyndir og myndbönd.

Í Maintx Express getur þú séð varahluti á tæki sem þarf að laga. Þegar notaður varahlutur hefur verið skráður í verkbeiðni og henni lokað uppfærast birgðastaða varahluta sjálfvirk í aðalckerfinu.

Í Maintx Express getur þú skráð tímanotkun með innbyggðum tímateljara eða handvirk. Þetta auðveldar fyrirtækinu að fylgjast með umfangi, skilvirkni og ábyrgð.


1.



Verkbeiðnir birtast undir viðeigandi tæki

Þú velur verk af verka-listanum

2.



Hér getur þú skráð aðgerðir á verkið, svo sem vinnustundir og notaða varahluti. Þá getur þú líka sett inn myndir, skjöl og texta

Þegar þú lokar verkinu þá vistast það sjálfkrafa í aðalckerfinu ásamt skráðum upplýsingum

3.



Hér getur þú skoðað myndir, myndbönd og skjöl fyrir hvert verk

4.



Hér getur þú skoðað varahluti sem tilheyra verkinu

Þegar notaður varahlutur hefur verið skráður á verk og því lokað þá uppfærast birgðastaða varahluta sjálfvirk í aðalckerfinu.

Ávinningur fyrir þitt fyrirtæki

Stytttri viðbragðstími

Þegar tilkynning um bilun berst úr appinu eða verkbeiðni er uppfærð þá fá starfsmenn í viðhaldsdeild tilkynningu um það. Þeir geta því auðveldlega forgangsraðað áriðandi verkum. Þá er aðgangur í appinu að myndum og skjölum fyrir verkið til þess að auðvelda og hraða úrvinnslu verkefnisins á vettvangi.

Skilvirkari tilkynningar

Hver sem er í fyrirtækinu getur með appinu sent tilkynningu um bilun (eða ábendingu) á eign til viðhaldsdeildar með skýringum, myndum og/eða myndböndum ef við á. Tilkynningunni er síðan breytt í verkbeiðni og úthlutað á viðhaldsaðila.

Stytttri niðritími eigna

Viðhaldsaðilar geta skráð allt reglubundið fyrirbyggjandi viðhald á eignum og haldið utan um framvinduna í appinu á meðan nettengingu vantar. Þegar nettenging kemst aftur á þá uppfærast allar upplýsingar sjálfkrafa.

Betra kostnaðaryfirlit

Viðhaldsstarfsmenn halda utan um tíma og kostnað frá því að verkbeiðni er opnuð eða einhverjir varahlutir eru notaðir. Vef- og símalausnin veitir fyrirtækinu nákvæmar upplýsingar um umfang allra viðhaldsverkefna.

www.maintx.is